

Ár 2014, fimmtudaginn 7. ágúst kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson í forföllum Ninnu Sifjar Svavarsdóttur og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

- 1.1. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 4. júlí 2014.**  
Með bréfinu er boðað á XXVIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður á Akureyri dagana 24. til 26. september.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 10. júlí 2014.**  
Í bréfinu eru kynntar ályktanir 9. fundar sveitarstjórnarvettvangs um loftlags- og orkumál og málefni norðurslóða.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **Skiptastjórn Skólaskrifstofu Suðurlands frá 17. júlí 2014.**  
Í bréfinu er rætt um stöðu vegna slita á SKS. Áætlaður kostnaður vegna slita er 14,5 mkr og verða sendir út reikningar til aðildarsveitarfélaga vegna þessa.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.4. **Landsambandi Slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna frá 25.-26. apríl 2014.**  
Í bréfinu eru kynntar ályktanir frá 15. þingi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.5. **Íþróttafélaginu Hamri frá 15. júlí 2014.**  
Í bréfinu óskar Íþróttafélagið í samstarfi við Knattspyrnudeild Hamars eftir viðræðum við Hveragerðisbæ um framtíðarfyrirkomulag á akstri upp í Hamarshöll og viðræðum um hvort grundvöllur sé fyrir sameiginlegum kaupum á rútu íþróttafélagsins og Hveragerðisbæjar.  
Bæjarráð vísar erindinu til menningar- og frístundafulltrúa og menningar-, íþrótt- og frístundanefndar.
- 1.6. **Söndru Sigurðardóttur ódagsett.**  
Í bréfinu ræðir Sandra um golfkúlur sem hafa komið á hús hennar og lóð í Hraunbænum frá golfvelli Hótelis Arkar.  
Bæjarráð tekur undir með bréfitara að núverandi ástand er

óásættanlegt og býður hættunni heim. Bæjarráð felur skipulags- og byggingafulltrúa að ræða við forsvarsmenn Hótel Arkar um leiðir til nauðsynlegra úrbóta vegna þessa.

1.7. **Gróa Friðgeirsdóttir frá 29. júlí 2014.**

Í bréfinu óskar Gróa Friðgeirsdóttir fyrir hönd aðstandenda Friðgeirs Kristjánssonar eftir stuðningi bæjarins við golfmót til minningar um Friðgeir.

Bæjarráð samþykkir að styrkja mótið með sama hætti og undanfarin ár.

1.8. **Hjalta Árnasyni frá 28. júlí 2014.**

Í bréfinu óskar Hjalti Árnason eftir stuðningi Hveragerðisbæjar vegna Suðurlandströllsins sem haldið verður í Hveragerði 9. ágúst.

Bæjarráð samþykkir að styrkja Suðurlandströllið um 50.000,-.

2. **Tæknileg málefni:**

2.1. **Minnisblað frá bæjarstjóra frá 5. ágúst 2014 v/ lagningu ljósleiðara í Hveragerði.**

Í minnisblaðinu ræðir bæjarstjóri um viðræður sem hún hefur átt við Gagnaveitu Reykjavíkur vegna lagningu ljósleiðara í Hveragerði utan þéttbýlis. Af viðræðunum er ljóst að Gagnaveitan mun ekki leggja ljósleiðara að húsum utan þéttbýlis nema til komi greiðsla á kostnaði frá annað hvort íbúunum eða bæjarfélaginu.

Bæjarráð undrast þessa afstöðu Gagnaveitunnar og samþykkir að fela lögmonnum að skoða lögfræðilega stöðu bæjarins og íbúa hans með tilliti til samnings er gerður var um sölu Hitaveitu Hveragerðis. Þar eru skýr ákvæði um lagningu ljósleiðara í Hveragerði og hvergi minnst á að hann gildi eingöngu um þéttbýli sveitarfélagsins.

3. **Fjárhagsleg málefni:**

3.1. **Minnisblað frá bæjarstjóra frá 5. ágúst v/ lagningu slitlags á Brúarhvammsveg.**

Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir að Sveitarfélagið Ölfus hefur hafið framkvæmdir við lagningu bundins slitlags á Brúarhvammsveg í samvinnu við Vegagerðina. Hluti vegarins tilheyrir Hveragerðisbæ og er áætlaður kostnaður vegna þess hluta kr 521.000.-

Bæjarráð samþykkir að taka þátt í verkinu og að viðauki vegna þess verði lagður fyrir bæjarráð á næsta fundi þess.

3.2. **Samkomulag milli Hveragerðisbæjar og Áss, dvalar- og hjúkrunarheimilis um frágang Bröttuhlíðar milli Breiðumerkur og Þverhlíðar.**

Lagður fram samningur við Áss, dvalar og hjúkrunarheimili um frágang á Bröttuhlíð milli Breiðumerkur og Þverhlíðar.

Samningurinn samþykktur.

**4. Verkfundargerðir:**

4.1. **Hveragerði – Gatnagerð 2014 frá 22. júlí 2014.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**5. Fundargerðir til kynningar:**

5.1. NOS frá 30. júní 2014.

5.2. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 2. júlí 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:38

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)